

# Öngulsstaðahreppur

2020/37

Öngulsstaðahreppur lá til norðurs frá Saurbæjarhreppi, austan Eyjafjarðarár og voru mörkin að sunnan milli Öxnafellis og Sámsstaða. Í hreppnum voru frá fornu fari afmarkaðir tveir sveitarhlutar, Kaupangssveit og Staðarbyggð. Samkvæmt manntali 1703 voru íbúar Öngulsstaðahrepps 292, en 302 ef Varðgjárþæirnir voru teknir með. Þæirnir Ytri- og Syðri-Varðgjá tilheyrðu Þingeyjarsýslu allt fram til 1852 en þá voru þeir teknir undir Öngulsstaðahrepp.

Kirkjur voru tvær í Öngulsstaðahreppi, Munkaþverárkirkja og Kaupangskirkja. Kirkjustaðirnir eru einnig helstu sögustaðir hreppsins, en leiddar hafa verið að því líkur að Kaupangur sé nýtt nafn á Bíldsá, þar sem Helgi magri hafði vetursetu er hann flutti í innsveitir Eyjafjarðar. Á Munkaþverá var stofnað klaustur árið 1155, sem var mjög auðugt og átti jarðir víða.

Árið 1991 sameinaðist Öngulsstaðahreppur sveitarfélögunum Saurbæjarhreppi og Hrafnagilshreppi og mynduðu sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit. Fyrir sameininguna bjuggu um 400 manns í Öngulsstaðahreppi.

Afhendingin barst frá Nönnu G. Ingvadóttur, Reykjavík.

Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 53, 55, 61, 75, 83, 89, 222, 340, 347, 597, 690, 698, 762, 763, 798, 948, 978, 1030, 2006/35, 2011/47, 2011/52, 2014/15 og 2017/47.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. nóvember 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

## A-Öngulsstaðahreppur

## D-Skólamál

D	1	1	1927 - 1930	Prófskýrsla, vorið 1927 fyrir 1-3. bekk; barnapróf í Öngulsstaðahreppsfræðsluhéraði í Eyjafjarðarsýslu vorið 1930; aðaleinkunnir barna
D	1	2	1933 - 1933	Prófgögn í Öngulsstaðahreppi 1933
D	1	3	1930 - 1937	Gögn um skólalald í Öngulsstaðahreppi 1930-1934; gögn um skólalald í Grímsey 1936-1937